



Minnisblað

Viðtakandi Allsherjar- og menntamálanefnd **Dagsetning** 26. janúar 2024
Sendandi Menningar- og viðskiptaráðuneyti **Málsnúmer** MVF24010280

Minnisblað til allsherjar- og menntamálanefndar um afstöðu menningar- og viðskiptaráðuneytis vegna umsagna sem bárust nefndinni um 37. mál – málstefna íslensks tákn máls 2023–2026 og aðgerðaáætlun.

Með tölvupósti 18. janúar sl. var óskað eftir afstöðu menningar- og viðskiptaráðuneytis til umsagna sem bárust til allsherjar- og menntamálanefndar um málið.

Alls bárust sex umsagnir, frá Félagi Heyrnarlausra, Hugvísindasviði Háskóla Íslands, Málnefnd um íslenskt tákn máli, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og tvær frá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.

Félag heyrnarlausra fagnar tillögnum en bendir á nokkur atriði. Félagið óskar eftir að skýra beri 2. gr. laga um leikskóla, nr. 90/2008, til samræmis við lög nr. 61/2011, um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls, þar sem kveðið sé á um að málin séu jafnréttá og óheimilt sé að mismuna einstaklingum eftir því hvort málið þeir noti. Einnig bendir félagið á að aðgengi tákn máls barna að móðurmálsfyrirmyndum á öllum skólastigum sé ekki tryggt. Það er því mat félagsins að kveða þurfi um það með skýrum hætti í málstefnu að lögð verði áhersla á aðgengi tákn máls barna að ríku og tryggu málumhverfi með móðurmálsfyrirmyndum.

Félagið gerir athugasemdir við orðalag aðgerðar 1 sem fellur undir meginstöð A. Máltöku tákn máls barna. Börn eigi rétt á aðgengi að íslensku tákn máli. Hver sem hefur þörf fyrir tákn máli skal eiga þess kost að læra og nota íslenskt tákn máli, jafnskjótt sem máltaka hefst eða frá þeim tíma sem heyrnarleysi, heyrnarskerðing eða samþætting sjón- og heyrnarskerðingar hefur greinst. Sama rétt eiga nánustu aðstandendur.

Félagið bendir á að vísa þurfi til tákn máls barna í öllum tilfellum, á stöku stað í tillögnum er fjallað um tákn máli stalandi börn. Félagið vísar til þess að tryggja beri endurmenntun tákn máli stúlka og sérhæfingu innan stéttarinnar í samvinnu við hagsmunafélög og stofnanir sem koma að námi og störfum þeirra. Félagið bendir á að ekkert gæðaeftirlit sé með tákn máli stúlkun á Íslandi og ekkert í lögum sem tryggi gæði túlkunar. Félagið kallar eftir því að starfsheiti tákn máli stúlks verði lögverndað starfsheiti í þeim tilgangi að tryggja gæði og færni starfandi túlka.

Hugvísindasvið HÍ fagnar tillögnum og getur í meginatriðum tekið undir allt það sem fram kemur í tillögnum. Sviðið bendir á að til að efla rannsóknir, skráningu og varðveislu íslensks tákn máls þurfi að koma til aukið fjármagn í málaflokkinn. Hugvísindasvið og Menntavísindasvið hafi þegar hafið samtal um að koma á fót námi í kennslufræði tákn máls. Eigi námið að verða að veruleika þurfi að bæta við stöðugildi á þessum tveimur fræðasviðum skólans. Einnig kallar Hugvísindasvið eftir því að nefna samstarfsaðila á sviði gervigreindar vegna áforma um gagnasöfnun í aðgerð 2 sem fellur undir meginstöð F. Máltækni. Sviðið leggur til að samstarfsaðilar geti verið námsbraut í tölvunarfræði á Verkfræði- og náttúruvísindasviði HÍ en einnig mætti kanna samstarf við aðila í HR og Vitvélstofnun Íslands.

Málnefnd um íslenskt tákn máli vísar einnig til orðalags aðgerðar 1 sem fellur undir meginstöð A. Máltöku tákn máls barna. Að mati nefndarinnar er aðgengi barna að máli gríðarlega mikilvægt fyrir þroska þeirra og

hvort heldur sem þau alast upp sem táknaðsbörn og síðar táknaðsfólk eða ekki er aðgengi þeirra að táknaði á fyrstu stigum máltöku gríðarlega mikilvægur grunnur fyrir öll þau tungumál sem barnið nýtir sér síðar á lífsleiðinni. Málnefndin leggur til minniháttar breytingu á aðgerð 5 sem fellur undir meginstoð C. Jákvætt viðhorf, þ.e. að „sleppa og á milli táknað og sögu, færa ábendingarfornafnið þess fram um tvö orðabil“. Að lokum bendir nefndin á að samræma þurfi orðanotkun og nota alls staðar hugtakið táknaðsbörn.

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra sendi inn tvö erindi, annars vegar frá forstöðumanni stofnunarinnar og hins vegar frá fagstjóra táknaðstúlkunar. Forstöðumaður fagnar tillögunni en bendir á að stofnunin sé ábyrgðaraðili um helmings aðgerða í aðgerðaáætlun en hinn helmingurinn sé þó stofnuninni ekki óviðkomandi. Forstöðumaður bendir m.a. á mikilvægt sé að fjárframlög til stofnunarinnar séu í takt við þá viðamiklu ábyrgð sem stofnuninni sé falin og að lög um stofnunina verði endurskoðuð sem fyrst. Forstöðumaður gerir einnig athugasemd við orðalag aðgerðar 1 sem fellur undir meginstoð A. Máltöku táknaðsbarna. Að mati forstöðumanns geri orðalag seinni málsgreinarinnar það að verkum að fyrri málsgreinin vísi til íslensks táknaðs sem neyðarúrræðis en ekki hluta af þeim úrræðum sem talin eru koma að gagni eða tryggja ætti öllum börnum með skerta heyrn. Miðstöðin telur orðalag aðgerðarinnar vera í mótsögn við 2. mgr. 3. gr. laga nr. 61/2011 þar sem kveðið er á um rétt táknaðsbarna til þess að læra íslenskt táknað, jafnskjótt og máltaka hefst. Aðgerðin, eins og hún er orðuð, eigi þ.a.l. ekkert erindi í málstefnu um íslenskt táknað. Forstöðumaður bendir á að stofnunin geti ekki verið ábyrgðaraðili fyrir þeirri aðgerð að tryggja börnum með skerta heyrn og fjölskyldum þeirra öll úrræði sem koma barninu að gagni enda hljóta þau úrræði að falla undir hlutverk ólíkra stofnana í samfélaginu og í takt við þeirra lögbundnu hlutverk. Að mati forstöðumanns ætti það ekki að vera hlutverk annarra stofnana að meta hvort ástæða sé til þess að táknaðsbarni og foreldrum þess verði bent á þjónustu Samskiptamiðstöðvar heldur ætti það beinlínis að vera skylda stjórnvalda. sem hafa það að markmiði að stuðla að útbreiðslu íslensks táknaðs og tryggja rétt táknaðsfólks til þjónustu á grundvelli íslensks táknaðs, að beina öllu táknaðsfólki til Samskiptamiðstöðvar. Forstöðumaður leggur því til orðalagsbreytingu eða að aðgerðin falli brott. Þá gerir forstöðumaður einnig athugasemd við aðgerðir 1. og 3. sem falla undir meginstoð D. Fjölgun umdæma íslensks táknaðs. Stofnunin er eini ábyrgðaraðili beggja aðgerða þrátt fyrir að ábyrgðin verði að vera á herðum fleiri aðila. Að mati forstöðumanns þarf ábyrgð á aðgerð 1D að vera allra stofnana ríkis og sveitarfélaga og ábyrgðin á aðgerð 3D á herðum allra þeirra aðila sem taldir er upp í aðgerðinni.

Fagstjóri táknaðstúlkunar miðstöðvarinnar gerir einnig athugasemd við orðalag aðgerðar 1 sem fellur undir meginstoð A. Máltöku táknaðsbarna. Fagstjóri vísar í 1. gr. greinargerðarinnar sem er í andstöðu við aðgerðina þar sem ekki er gert ráð fyrir viðbrögðum jafnskjótt og heyrnarskerðing greinist. Sömu ábendingar koma fram hjá fagstjóra um að samræma orðanotkun með hugtakinu táknaðsbörn og að breyta orðalagi aðgerðar 5 sem fellur undir meginstoð C. Jákvætt viðhorf þ.e. „sleppa og á milli táknað og sögu, færa ábendingarfornafnið þess fram um tvö orðabil“.

Að lokum fagnar Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum tillögunni en tekur undir ábendingar um orðalag aðgerðar 1 sem fellur undir meginstoð A. Máltöku táknaðsbarna. Ábyrgð aðgerðarinnar sé aðeins lögð á herðar Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra en ekki sé tilgreint hvernig og hvar mat fari fram sem felst í orðunum „sé ástæða til“. Stofnunin leggur til að tilgreina nánar hverjir beri ábyrgð á því að koma börnum og þeirra málum á framfæri við miðstöðina og nefnir t.a.m. heilsugæslustöðvar og leikskóla. Stofnunin bendir á að í mörgum tölulíðanna í meginstoð A í aðgerðaáætlun og greinargerð sé vikið að námi og kennslu en ekki að ekki sé sérstaklega getið um þátt máltækni í því sambandi. Stofnunin leggur til að vísa á milli meginstöða A og F, þ.e. að það komi á einhvern hátt fram í sambandi við umfjöllun í A um nám í og um íslenskt táknað að máltækni geti komið þar að gagni og vísa til samspils máltækni, námsefnis, náms og kennslu í meginstoð F. Stofnunin leggur til annað orðalag í fyrsta tölulíð C: „Stjórnevöld vinni markvisst að því að stórauka sýnileika íslensks táknaðs í opinberum gögnum, svo sem

með því að ávörp, stefnur, upplýsinga- og kynningarefni og opinberir viðburðir séu á íslensku táknmáli.“ Stofnunin tekur undir E lið í greinargerð um að framfylgja þurfi lagasetningu frá árinu 2011, þar sem athuganir á áhrifum lagasetningarinnar hafi sýnt að henni þurfi að fylgja markvisst eftir með aðgerðum. Að lokum telur stofnunin það góða hugmynd að gera dag íslenska táknmálsins 11. febrúar að fánadegi.

Afstaða menningar- og viðskiptaráðuneytis.

Óskað var eftir viðbrögðum mennta- og barnamálaráðuneytis vegna umsagnar Félags heyrnarlausra er varðar lög um leikskóla nr. 90/2008. Mennta- og barnamálaráðuneyti tekur undir umsögnina, þ.e. að skerpa megi á málstefnunni um áherslu á aðgengi að ríku málumhverfi. Ekki er litið svo á að umsögnin snúi að því að breyta eigi leikskólalögunum heldur dugi ákvæði laga nr. 61/2011 til að styðja við áherslur í þessa veru og að unnt sé að skýra leikskólalögin í samhengi við táknmálslögin með þeim hætti sem fram kemur í umsögninni. Hins vegar er rétt að benda á að erfitt getur reynst fyrir leikskóla að mæta þessari áherslu fyllilega en það á samt sem áður ekki að koma í veg fyrir að þetta markmið sé sett í stefnuna til að börn sem nota táknmál séu jafnréttá og þau börn sem nota það ekki.

Í mörgum umsagna eru gerðar athugasemdir við orðalag aðgerðar 1 sem fellur undir meginstöð A. Máltöku táknmálsbarna. Í 3. gr. laga nr. 61/2011, um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls, segir að íslenskt táknmál sé fyrsta mál þeirra sem þurfi að reida sig á það til tjáningar og samskipta og barna þeirra. Skuli stjórnvöld hlúa að því og styðja. Hver sem hafi þörf fyrir táknmál skuli eiga þess kost að læra og nota íslenskt táknmál, jafnskjótt sem máltaka hefst eða frá þeim tíma sem heyrnarleysi, heyrnarskerðing eða samþætting sjón- og heyrnarskerðingar hefur greinst. Sama rétt eiga nánustu aðstandendur. Markmið laga um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra er að stuðla að jafnrétti heyrnarlausra til þjónustu sem víðast í þjóðfélaginu á grundvelli táknmáls heyrnarlausra. Því er það hlutverk miðstöðvarinnar að annast rannsóknir á íslensku táknmáli, kennslu táknmáls, táknmálstúlkun og aðra þjónustu. Miðstöðin býður upp á táknmálsnámskeið og leiðbeiningar fyrir foreldra, börn og einstaklinga á öllum æviskeiðum í málefnum táknmáls. Það er hins vegar hlutverk Heyrnar- og talmeinasstöðvar að annast þjónustu við heyrnarlausra, heyrnarskerta og þá sem eru með heyrnar- og talmein skv. lögum um Heyrnar- og talmeinasstöð, nr. 42/2007. Hlutverk Heyrnar- og talmeinasstöðvar (HTÍ) eru m.a. að sjá um heyrnarmælingar, greiningu og meðferð á heyrnar- og talmeinum, sinna forvörnum á starfssviði sínu í samvinnu við aðrar stofnanir eftir því sem við á og að útvega hjálparkæmi fyrir heyrnarskerta, heyrnarlausra og þá sem eru með heyrnar- og talmein og veita fræðslu og þjálfun í notkun þeirra. Heyrnar- og talmeinasstöð skipuleggur og hefur yfirumsjón með framkvæmd skimunar allra nýbura á landinu og annast úrvinnslu slíkra mælinga og greiningu á heyrnarskerðingu hjá öllum börnum 0-18 ára. Skimun á heyrn annast bæði starfsfólk ýmissa fæðingarstaða, undir umsjón og stjórn HTÍ, sem og starfsfólk HTÍ sem annast skimun allra þeirra barna sem ekki fá nýburaskimun á heyrn á fyrrgreindum stöðum og starfsfólk HTÍ annast allar frekari mælingar til staðfestingar á heyrn eða heyrnarskerðingu í kjölfar fyrstu skimunar. Heyrnar og talmeinasstöð leggur höfuðáherslu á að staðfesting á heyrnarstöðu liggja fyrir eins fljótt og kostur er. Reynist barn með skerta heyrn er snemmtækri íhlutun beitt til að tryggja viðkomandi barni og fjölskyldu þess öll úrræði sem koma barninu að mestu gagni til framtíðar.

Í umsögn Félags heyrnarlausra er kallað eftir því að starfsheiti táknmálstúlks verði lögverndað starfsheiti í þeim tilgangi að tryggja gæði og færni starfandi túlka. Táknmálsfræði og táknmálstúlkun er kennd til BA-gráðu við Háskóla Íslands. Þau sem ljúka 180 einingum í greininni eru þar með táknmálstúlkar. BA-próf með fyrstu einkunn veitir aðgang að meistaranámi á háskólastigi. Lögverndun eða löggilding getur verið með mismunandi hætti og falið í sér mismiklar skorður við því hverjir geti stundað ákveðna atvinnustarfsemi eða hvernig þeir geti kynnt sig til starfa. Lögverndun eða löggilding tiltekens starfs er gerð með þeim hætti að í lögum er mælt fyrir um að þeim einum sé heimilt að stunda í atvinnuskyni

ákveðið starf sem hafi til þess opinbert leyfi, viðurkenningu eða löggildingu, en misjafnt er milli lagabálka hvaða orð eru notuð þó réttaráhrif þeirra séu alla jafna þau sömu. Útgefendur slíkra leyfa eru gjarnan ráðherrar eða sýslumenn. Í viðkomandi lögum er alla jafna kveðið á um að þeir einir geti fengið slíkt leyfi sem uppfylli tilteknar kröfur sem gerðar eru í lögum, reglugerð eða með öðrum hætti og vísað er til í lögnum. Í lögverndun sem gerð er með þessum hætti felst einkaréttur til tiltekinna starfa til þeirra sem hafa fengið viðkomandi opinbert leyfi. Lögverndun starfsheitis er önnur tegund lögverndunar sem felur þó ekki í sér einkarétt til tiltekinna starfa. Lögverndun starfsheitis felur í sér að þeim einum sé heimilt að kenna sig við tiltekið starfsheiti sem hafa hlotið opinbert leyfi eða viðurkenningu til þess. Í lögverndun starfsheitis felst þannig ekki einkaréttur til tiltekinna starfa heldur einkaréttur á að geta í sinni atvinnustarfsemi kennt sig við tiltekið starfsheiti. Lögverndun starfsheitis gengur að því leyti til skemur en lögverndun starfs. Oft fer lögverndun tiltekinna starfa saman með lögverndun viðkomandi starfsheitis þannig að ef einkaréttur er til tiltekinna starfa er einnig einkaréttur til viðkomandi starfsheitis. Aðrar og minna íþyngjandi leiðir til að reglusetja hverjir stunda tiltekna atvinnustarfsemi eða til að hafa yfirsýn yfir það hverjir eru starfandi í tiltekinni atvinugrein geta sem dæmi verið skráning eða vottun. Með breytingum í þróun samfélagsins og lagaumgjörð almennt kunna að vera málefnaleg rök fyrir því að lögverndun starfs eða starfsheitis sé tekin til endurskoðunar. Um þjónustu allra þeirra sem falla undir að vinna lögvernduð störf gilda ákveðnar reglur um gallaeiginleika viðkomandi þjónustu og hvernig kaupandi geti krafist úrbóta vegna þeirra. Lögverndun hefur engin áhrif á slíkar reglur og bera þeir sem vinna lögvernduð störf sömu ábyrgð og þeir sem vinna störf sem eru ekki lögvernduð.

Í umsögn Hugvísindasviðs er fjallað um að bæta þurfi við stöðugildi á tveimur fræðasviðum skólans. Fjárveiting til fræðasviða háskóla Íslands fer samkvæmt ákvörðun háskólans í samræmi við ramma.

Í umsögn forstöðumanns Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra er bent á að mikilvægt sé að fjárframlög til stofnunarinnar séu í takt við þá viðamiklu ábyrgð sem stofnuninni sé falin og að lög um stofnunina verði endurskoðuð sem fyrst. Í fjárlögum 2024 er gert ráð fyrir 45 m.kr til framkvæmdar málstefnu og aðgerðaáætlun.

Að lokum fagnar menningar- og viðskiptaráðuneyti innsendum umsögnum til allsherjar- og menntamálanefndar og gerir ekki frekari athugasemdir.